



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Umhverfisstofnun
B.t. Ingibjörg Marta Bjarnadóttir
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík 12.07.2019

Efni: Friðlýsing svæðis í Þjórsárdal

Umhverfisstofnun óskaði eftir athugasemdum við framkomnar tillögur að friðlýsingu svæðis í Þjórsárdal. Vill Hafrannsóknastofnun koma á framfæri eftirfarandi ábendingum/athugasemdum.

Innan þess svæðis sem gert er ráð fyrir að friðlýsa eru ár þar sem veiðinýting er stunduð. Í ánum, Sandá og Fossá, eru staðbundnir fiskstofnar og göngufiskar sem lifa hluta lífsferils síns í sjó. Stofnar göngufiska eru enn að nema land í Þjórsá og hliðarám hennar eftir að gönguför var opnuð um fisveg í við fossinn Búða. Ekki er löng hefð fyrir veiðinýtingu sem enn er að vaxa og þróast á svæðinu. Einnig geta verið möguleikar á fiskrækt innan svæðisins þar með talið ofan fiskgengra fossa.

Um fiskrækt gilda lög nr.58 2006 um fiskrækt en þar segir m.a. að þeir sem fiskrækt stunda þurfa að gera fiskræktaráætlun sem þurfi að öðlast staðfestingu Fiskistofu.

1. gr. Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að fiskrækt í ferskvatni. Við framkvæmd laganna skal þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi ferskvatns og á villtum ferskvatnsfiskstofnum og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu.

2. gr. Gildissvið.

Lög þessi taka til allrar fiskræktar sem fram fer í ferskvatni á íslensku forráðasvæði. Við framkvæmd þeirra skal gætt samræmis við framkvæmd laga um lax- og silungsveiði, laga um eldi vatnafiska og laga um varnir gegn fisksjúkdómum.

Um veiðinýtingu gilda lög um lax- og silungsveiði nr 61 2006 með síðari breytingum.

1. gr. Markmið.

Markmið laga þessara er að kveða á um veiðirétt í ferskvatni og skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskstofna í ferskvatni og verndun þeirra.

2. gr. Gildissvið.

Ákvæði laga þessara gilda um alla veiði úr ferskvatnsfiskstofnum á íslensku forráðasvæði, nema aðra skipan leiði af ákvæðum annarra laga.

Þeir sem stunda veiðinýtingu ber að hafa nýtingaráætlun sem skal hafa staðfestingu Fiskistofu og er nýtingin á ábyrgð veiðiréttarhafa.

Markmið löggjafans í báðum þessum lögum er skýr og ættu þau að falla að þeim tilgangi sem í friðlýsingu fellst. Þeir sem stunda veiði þurfa að hafa svigrúm til þess sem taka þarf tillit til við gerð friðlýsingarskilmála. Einnig þarf að taka tillit til þess að gera þarf ráð fyrir svigrúmi fyrir veiðiréttarhafa til þess að sinna og uppfylla skyldur um sjálfbæra nýtingu og mögulega fiskrækt en hún ætti að geta rúmast innan skilmála friðlýsingar líkt og t.d. skógrækt og veiði líkt og skotveiði sem kveðið er á um í tillögum að friðlýsingu. Við veiðiár eru oftast veiðihús sem sem aðsetur og þjónusta fyrir veiðimenn. Að því þarf að huga við skipulag svæðisins og markmið friðlýsingar.

Hafrannsóknastofnun er reiðubúinn að veita Umhverfisstofnun frekari upplýsingar um þessa þætti ef eftir því verður leitað.

F.h, Hafrannsóknastofnunar,



Guðni Guðbergsson